

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1333/2004****frá 20. júlí 2004****um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri****(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun 70/524/EBE er veitt leyfi fyrir aukefnum sem nota á í Bandalaginu. Heimilt er að leyfa án tíamarkna aukefnin, sem um getur í II. hluta viðauka C við þá tilskipun, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
- 2) Notkun örverublöndu með *Enterococcus faecium* (NCIMB 11181) hefur í fyrsta sinn verið leyfð til bráðabirgða fyrir kálfa og smágrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2690/1999 <sup>(2)</sup>.
- 3) Lögð voru fram ný gögn sem rökstuðningur með umsókninni um leyfi án tíamarkna fyrir örveruna. Matið leiðir í ljós að skilyrðin fyrir slíku leyfi, sem sett eru með tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.

- 4) Til samræmis við það ber að leyfa án tíamarkna notkun örverunnar fyrir kálfa og smágrísi eins og tilgreint er í viðaukanum.
- 5) Matið á umsóknunum leiðir í ljós að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(3)</sup>.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:***1. gr.*

Heimilt er að leyfa blönduna *Enterococcus faecium* (NCIMB 11181), sem tilgreind er í viðaukanum, til notkunar án tíamarkna sem aukefni í fóðri samkvæmt skilyrðunum sem sett eru í þeim viðauka.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

1) Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 (Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1).

2) Stjtið. EB L 326, 18.12.1999, bls. 33.

3) Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Byrpingafjöldi (CFU)/kg heilföðurs			
<b>Örverur</b>								
E 1708	<i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 11181	Efnablanda <i>Enterococcus faecium</i> sem inniheldur að lágmarki:  Duftform: $4 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis Hjúpað form: $5 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis	Kálfar  Smágrísir	6 mánaða  —	$5 \times 10^8$  $5 \times 10^8$	$2 \times 10^{10}$  $2 \times 10^{10}$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.  Fyrir smágrísi þar til þeir eru um það bil 35 kg. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.	Án tímamarka  Án tímamarka